

Fundargerð 59. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 09. júní 2011, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,  
Árni Sigfússon,  
Berglind Kristinsdóttir,  
Inga Sólnes  
Reynir Ólafsson,  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkv. stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

- 1. Fundargerð síðasta fundar*  
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
- 2. Erindi frá Kirkjumálasjóði*  
Framkvæmdastjóri fór yfir sögu á sölu fasteigna til Kirkjumálasjóðs. Þegar fasteignirnar voru seldar til Kirkjumálasjóðs var það gert í góðri trú um að Þjóðkirkjan hafi ætlað að byggja upp starfsemi á Ásbrú og þar með væri ekki verið að setja þær tilteknu eignir inn á almennan íbúðarmarkað. Stjórn ÞK lýsir ekki yfir vilja til að kaupa fasteignirnar að svo stöddu.
- 3. Samstarf við Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja*  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn niðurstöður fyrsta fundar Atvinnuþróunarfélagsins. Fór hann einnig yfir hugmyndir Kadeco að samþættingu verkefna s.s. atvinnuþróun, nýsköpun, frumkvöðlauppbyggingu auk fleiri þátta. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
- 4. Leigusamningur við SSS*  
Kynnt voru drög að leigusamningi við SSS um leigu á Skógarbraut #945. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá samningi við SSS. Berglind Kristinsdóttir, stjórnarmaður sat hjá við afgreiðslu þessa máls.
- 5. Háskólavellir – endurskipulagning*  
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi endurskipulagningu Háskólavalla. Málið var rætt áfram. Framkvæmdastjóra var falið að klára málið og leggja lokadrög að viljayfirlýsingu fyrir stjórn.
- 6. Viljayfirlýsing við Ósa*  
Viljayfirlýsing lögð fram til kynningar og málið rætt.

7. *Heilsuhótel Íslands – samkomulag*

Drög að samkomulagi við Heilsuhótel Íslands var lagt fram fyrir stjórn. Stjórn samþykkir drögin og felur framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

8. *Önnur mál*

*Samskiptastöð hersins - #838*

Áhugasamir aðilar hafa verið að skoða bygginguna með hugsanlega leigu/sölu í huga.

*Móttökustöð f. úrgangsolíu - #*

Áhugasamir aðilar hafa verið að skoða bygginguna með hugsanlega leigu/sölu í huga.

*ESA*

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirspurn ESA varðandi sölu eigna til Verne.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Næsti fundur er áætlaður fimmtudaginn 11. ágúst kl. 12.00

*Vilhj. H. Vilhjálmsson*  
*Jón S. S. S.*  
*Berglind Kristínstólks*  
*Jóna S. S.*  
*Jóna S. S.*